

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 21

3. árgangur

16.5.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/21/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.720 - Cereol/Aceprosa).....	01
96/EES/21/02	Upphaf málsmeðferðar - (Mál nr. IV/M.737 - Sandoz/Ciba-Geigy).....	02
96/EES/21/03	Ríkisaðstoð - Mál nr. 27/95 (ex NN 45/95) - Frakkland.....	02
96/EES/21/04	Ríkisaðstoð - Mál nr. 60/95 (ex NN 169/95) - Austurríki.....	02
96/EES/21/05	Ríkisaðstoð - Mál nr. 1/96 (ex N 977, 978, 979/95) - Ítalía.....	03
96/EES/21/06	Ríkisaðstoð - Mál nr. 2/96 (ex N 829/95) - Þýskaland.....	03
96/EES/21/07	Ríkisaðstoð - Mál nr. 10/96 (ex NN 142/95) - Belgía.....	03
96/EES/21/08	Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	04
96/EES/21/09	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/E-2/35.813 - BP Chemicals/Erddölchemie.....	04
96/EES/21/10	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/E-3/35.485 - REN/Turbogás.....	05

96/EES/21/11	Tilkynning samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 varðandi mál nr. IV/MAR/35.488 - HansaFerry.....	05
96/EES/21/12	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Parísar (Orly) og Agen.....	06
96/EES/21/13	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Parísar (Orly) og Epinal.....	06
96/EES/21/14	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Bergerac (Roumaniére) og Parísar (Orly) og Périgueux (Bassillac) og Parísar (Orly).....	07
96/EES/21/15	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Bordeaux.....	07
96/EES/21/16	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Nantes.....	08
96/EES/21/17	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Lyon (Satolas).....	08
96/EES/21/18	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Nice.....	09
96/EES/21/19	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Strasborgar.....	09
96/EES/21/20	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	10

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.720 - Cereol/Aceprosa)

96/EES/21/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. 4. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Cereol Ibérica, S.A. (Espanía) sem tilheyrir samstæðunni Eridania Beghin - Say, undir yfirráðum Montedison Group, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir nýju fyrirtæki sem myndað er af Cereol Ibérica, S.A. og Aceites y Proteínas, S.A. (Aceprosa) (Espanía) í Bunge-samstæðunni. Cereol Ibérica, S.A. og Aceprosa munu láta nýja fyrirtækinu í té allan nauðsynlegan búnað og aðstöðu til að mala og vinna olúfræ, en munu sjálf draga sig út úr þessari starfsemi. Hins vegar mun Cereol Ibérica S.A. kaupa vöruheiti, vélar og búnað fyrir átöppun á fræolium í eigu Aceprosa.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Aceprosa: Mölun á olúfræjum, útdráttur á neyslufæfum jurtaolium og mjöli. Átöppun og sala á olum úr neyslufæfum jurtafræjum. Starfar aðallega á Spáni,
 - Cereol Ibérica: Mölun á olúfræjum, útdráttur á neyslufæfum jurtaolium og mjöli. Starfar aðallega á Spáni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 140, 11. 5. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.720 - Cereol/Aceprosa, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Upphaf málsmeðferðar
(Mál nr. IV/M.737 - Sandoz/Ciba-Geigy)

96/EES/21/02

Framkvæmdastjórnin ákvað 2. 5. 1996 að hefja málsmeðferð í framangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að verulegur vafi leiki á að tilkynnt samfylking sé í samræmi við hinn sameiginlega markað. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmunum að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Til að unnt sé að taka mið af athugasemdum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 140, 11. 5. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.737 - Sandoz/Ciba-Geigy, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
 Directorate-General for Competition (DG IV)
 Directorate B - Merger Task Force
 Avenue de Cortenberg 150
 B-1049 Brussels

Ríkisaðstoð
Mál nr. 27/95 (ex NN 45/95)
Frakkland

96/EES/21/03

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við tillögu franskra stjórnvalda um að veita Beaulieu-samstæðunni fjárfestingaraðstoð eftir að henni barst tilkynning um að horfið hefði verið frá fyrirhuguðu fjárfestingarverkefni (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 124 frá 27. 4. 1996).

Ríkisaðstoð
Mál nr. 60/95 (ex NN 169/95)
Austurríki

96/EES/21/04

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við aðstoð sem austurrísk stjórnvöld veittu fyrirtækinu Head Tyrolia Mares í formi fjármagnsaukningar (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 124 frá 27. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjútíð. EB, við:

Commission of the European Communities
 200, rue de la Loi
 B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við austurrísk stjórnvöld.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
Mál nr. 1/96 (ex N 977, 978, 979/95)
Ítalía

96/EES/21/05

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar 3855/91/KSE í tengslum við aðstoð sem Ítalía hefur ákveðið að veita fyrirtækjunum Prolafer Srl, Dora Srl og Acciaierie San Gabriele SpA (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 121 frá 25. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við ítölsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. 2/96 (ex N 829/95)
Þýskaland

96/EES/21/06

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar 3855/91/KSE í tengslum við þýskt styrkjakerfi vegna fjárfestingaráætlunar sem miðar að því að draga úr umhverfismengun (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 121 frá 25. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við þýsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. 10/96 (ex NN 142/95)
Belgía

96/EES/21/07

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ýmis konar fjárhagsaðstoð við ákveðin fyrirtæki sem nota flugvöllinn í Ostende (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 121 frá 25. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við belgísk stjórnvöld.

Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt 96/EES/21/08

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. janúar 1996 um endurfjármögnun á fyrirtækinu Iberia (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. L 104, 27. 4. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. febrúar 1996 um breytingu á ákvörðun ráðsins 79/542/EBE, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/260/EBE, 93/195/EBE, 93/196/EBE og 93/197/EBE (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. L 107, 30.4.1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 1996 um markaðssetningu á erfðabreyttum sojabáunum (*Glycine max L.*) með auknu þoli gegn glýfosat-illgresiseyði, samkvæmt tilskipun ráðsins 90/220/EBE (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. L 107, 30.4.1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. apríl 1996 um viðurkenningu á áætlun um útrýmingu á Aujeszky-veiki í Lúxemborg (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. L 107, 30.4.1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. apríl 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/278/EB um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin hafa heimilað innflutning frá á tilteknum vörum, með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 92/118/EBE (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. L 107, 30.4.1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 1996 um tiltekna verndarráðstafanir hvað varðar tvískelja lindýr frá Túnis (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. L 103, 26. 4. 1996)

Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 96/EES/21/09 nr. 17/62⁽¹⁾ varðandi mál nr. IV/E-2/35.813 - BP Chemicals/Erdölchemie

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17. tilkynntu fyrirtækin EC Erdölchemie GmbH, BP Chemicals Ltd og Bayer AG þann 25. október 1995 um umboðssamning fyrir pólýetýlen og samning um tæknipjónustu og vörupróun fyrir pólýetýlen (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 113, 18. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart framangreindum samningum. En áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan fjögurra vikna frá birtingu þessarar tilkynningar með tilvísun til IV/E-2/35.813 - BP Chemicals/Erdölchemie, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate General for Competition
Directorate E
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

(¹) Stjttíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 96/EES/21/10
nr. 17/62⁽¹⁾ varðandi mál nr. IV/E-3/35.485 - REN/Turbogás**

Þann 30. mars 1995 barst framkvæmdastjórninni tilkynning um samning um orkukaup sem var gerður 20. desember 1994 í tengslum við rafmagnssölu frá Turbogás til REN frá gashverfilknúna orkuverinu í Tapada do Outeiro í Portúgal.

Aðilar fóru fram á að mótmælum yrði ekki hreyft en annars undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (sjá nánari útlitun í Stjtíð. EB nr. C 118 frá 23. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart framangreindum samningi. En áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan fjögurra vikna frá birtingu þessarar tilkynningar með tilvísun til IV/E-3/35.485, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate General for Competition
Directorate E
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

**Tilkynning samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) 96/EES/21/11
nr. 4056/86⁽²⁾ varðandi mál nr. IV/MAR/35.488 - HansaFerry**

Þann 23. ágúst 1994 sendi Sweferry (SF) eftirlitsstofnun EFTA beiðni um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins fyrir samning milli SF og Deutsche Fährgesellschaft Ostsee mbH um sameiginlegan rekstur á tveimur mismunandi ferjuleiðum milli Svíþjóðar og Þýskalands. Ferjuflutningarnir, sem eru markaðssettir undir heitinu HansaFerry, fara fram á leiðunum milli Trelleborg og Sassnitz og Trelleborg og Rostock.

Eftirlitsstofnun EFTA áframsendi framkvæmdastjórninni tilkynninguna með bréfi frá 14. mars 1995, í kjölfar aðildar Svíþjóðar að bandalaginu. Því verður farið með málið samkvæmt 85. gr. sáttmálans í samræmi við ákvæði 12. gr. reglugerðar ráðsins nr. 4056/86 (sjá nánari útlitun í Stjtíð. EB nr. C 118 frá 23. 4. 1996).

Á þessu stigi málsins hefur framkvæmdastjórnin ekki tekið neina afstöðu um hvort 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gildi gagnvart samningnum. Hún gefur þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan þrjátíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar með tilvísun til IV/MAR/35.488, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate General for Competition
Division IV/D/3
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

⁽²⁾ Stjtíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1986, bls. 4.

Rekstur áætlunarflugleiða**96/EES/21/12****Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr.
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli
Parísar (Orly) og Agen**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Parísar (Orly) og Agen. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 123, 26. 4. 1996 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 127, 30. 4. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í framannefndum Stjttíð. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Syndicat Mixte de l'aéroport Départemental
Aéroport d'Agen-La Garenne
47520 Le Passage

Rekstur áætlunarflugleiða**96/EES/21/13****Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr.
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli
Parísar (Orly) og Epinal**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Parísar (Orly) og Epinal. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 123, 26. 4. 1996 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 127, 30. 4. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í framannefndum Stjttíð. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de Commerce et d'Industrie d'Epinal
10 rue Claude Gelée
BP 96
F-88003 Epinal

Rekstur áætlunarflugleiða**96/EES/21/14****Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Bergerac (Roumanière) og Parísar (Orly) og Périgueux (Bassillac) og Parísar (Orly)**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Bergerac (Roumanière) og Parísar (Orly) og Périgueux (Bassillac) og Parísar (Orly). Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 123, 26. 4. 1996 (sjá nánari útlistun í Stjttð. EB nr. C 127, 30. 4. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir pósthimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í framannefndum Stjttð. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Syndicat Mixte Air Dordogne
Hôtel de Département
2, rue Paul-Louis Courier
F-24019 Perigueux

94/EES/22/15**Rekstur áætlunarflugleiða****Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Bordeaux**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Montpellier og Bordeaux. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 123, 26. 4. 1996 (sjá nánari útlistun í Stjttð. EB nr. C 127, 30. 4. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir pósthimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í framannefndum Stjttð. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Aéroport de Montpellier-Méditerranée
Chambre de Commerce et d'Industrie

F-34130 Mauguio

96/EES/21/16

Rekstur áætlunarflugleiða**Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Nantes**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Montpellier og Nantes. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 123, 26. 4. 1996 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 127, 30. 4. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í framannefndum Stjtið. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Aéroport de Montpellier-Méditerranée
Chambre de Commerce et d'Industrie
F-34130 Mauguio

96/EES/21/17

Rekstur áætlunarflugleiða**Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Lyon (Satolas)**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Montpellier og Lyon (Satolas). Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 123, 26. 4. 1996 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 127, 30. 4. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í framannefndum Stjtið. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Aéroport de Montpellier-Méditerranée
Chambre de Commerce et d'Industrie
F-34130 Mauguio

96/EES/21/18**Rekstur áætlunarflugleiða****Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Nice**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Montpellier og Nice. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 123, 26. 4. 1996 (sjá nánari útlitun í Stjtíð. EB nr. C 127, 30. 4. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í frammannefndum Stjtíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Aéroport de Montpellier-Méditerranée
Chambre de Commerce et d'Industrie
F-34130 Mauguio

96/EES/21/19**Rekstur áætlunarflugleiða****Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Montpellier og Strashborgar**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Montpellier og Strashborgar. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 123, 26. 4. 1996 (sjá nánari útlitun í Stjtíð. EB nr. C 127, 30.4.1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í frammannefndum Stjtíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Aéroport de Montpellier-Méditerranée
Chambre de Commerce et d'Industrie
F-34130 Mauguio

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/21/20

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0105-DK	Fyrirmæli um bætiefni í matvællum	1.7.1996
96-0106-A	Breyting á lögum Neðra-Austurríkis frá 1992 um úrgang	1.7.1996
96-0108-S	Fyrirmæli frá sænsku siglingamálastofnuninni um reglur um smíði kaupskipa sem eru undir 15 metrum að lengd	1.7.1996
96-0111-S	Lög og fyrirmæli um kröfur sem eru gerðar í tengslum við hávaða og útblástur frá vélbátum	3.7.1996
96-0112-S	Fyrirmæli frá sænsku siglingamálastofnuninni um reglur um framstafnsdyr og innri framstafnsdyr og tengdan búnað í ekju-farþegaferjum	3.7.1996
96-0113-S	Breyting á fyrirmælunum um kælivökva (SNFS 1992:16)	11.7.1996
96-0114-UK	Byggingareglugerðir frá 1991 - Drög að breytingum á K-hluta (stúgar, skábrautir og grindverk) og á N-hluta (rúður - efni og vernd)	15.7.1996
96-0115-I	Uppkast að drögum um ráðstafanir til að eyða eignum sem skaða ósonlagið	2.7.1996
96-0116-I	Tæknikröfur um búnað til að endurvinna bensínufur frá eldsneytisbúnaði og um búnað til notkunar í nýjum ökutækjum	2.7.1996
96-0117-DK	Fyrirmæli um innihald transítusýra í mettuðum olíum og fitum	10.7.1996
96-0118-IRL	Byggingareglugerðir frá 1991 - tæknilegar leiðbeiningar (útgáfa frá 1996)	10.7.1996
96-0119-IRL	Gerðarviðurkenningarkröfur fyrir þráðlausa síma til tengingar við almenna fjarskiptanetið	10.7.1996
(*) ⁽³⁾		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(3) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(4) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(5) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.